

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 8 – 2022

Staður: Teams og Hvanneyri

Tími: Þriðjudagur 20. September 2022 kl. 13:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Lilja Björg Ágústsdóttir, Haukur Þórðarson, Jóhannes Sveinbjörnsson og Þorvaldur Ragnar Þorbjarnarson

Nýir fulltrúar boðnir velkomnir til starfa í háskólaráði Lbhí.

1. Tilnefning tveggja fulltrúa og eins varafulltrúa í háskólaráð 2022-2024

Fyrir liggur að tilnefna tvo fulltrúa í háskólaráð fyrir næstu tvö starfsár 2022-2024 og einn sameiginlegan varamann fyrir þá, sbr. 4. tölul. 2. mgr. og 5. mgr. 6. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008.

Fyrir fundinum lá tillaga um að tilnefna Daða Má Kristófersson og Þórönnu Jónsdóttur sem fulltrúa og Guðrúnu Sigríði Tryggvadóttur sem varafulltrúa þeirra. Stuttar ferilskrár þeirra voru sendar út fyrir fundinn. Tillagan var samþykkt.

2. Fjárlög 2023

Drög að fjárlögum 2023 liggja fyrir og eru í 1. umræðu. Sundurliðun á breytingum milli ára sýnir niðurskurð um 180 milljónir krónur vegna tilfærslu garðyrkjunáms sem var búið að lofa að yrði ekki raunin, enda liggja fyrir tillögur um uppbyggingu Landbúnaðarháskólans og árangur að undanförunu verði góður bæði hvað varðar fjölgun nemenda, eflingu rannsókna og aukið alþjóðlegt samstarf. Þar að auki er fyrirhuguð umtalsverð lækkun 2024 og 2025 til viðbótar. Óskað hefur verið eftir fundi í ráðuneytinu og skýringu á stöðunni.

3. Næstu fundir

Ákveðið að næsti fundur verði boðaður 4. október 2022 kl 14, en síðan verði miðað við fyrsta þriðjudag í mánuði kl 9:00. (Innskot RIP: Varð að færa nóvemberfundinn til 8. nóvember vegna gæðaúttektar sem fram fer í fyrstu viku nóvember).

Fundi slitið 13:50 / RIP